

**Sp.**

**413. Fyrirspurnir.**

[151. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um nefndir launaðar af ríkinu.

Frá Hermanni Guðmundssyni.

1. Hvaða nefndir eru nú starfandi, sem fá greidd laun fyrir störf sín úr ríkissjóði eða frá ríkisstofnunum?
2. Hver eru laun hvernar einstakrar hinna launuðu nefnda?
3. Hvað hefur ríkissjóður og ríkisstofnanir greitt mikið fé árið 1948 til nefnda þeirra og ráða, sem starfað hafa á vegum þess opinbera?

II. Til ríkisstjórnarinnar um ljóskastara í skipum.

Frá Hermanni Guðmundssyni.

Hefur ríkisstjórnin orðið við þeirri áskorun Alþingis, sem samþykkt var 4. febr. 1948, um að setja reglugerð, er skyldar skipaeigendur að setja í skip sín góða og öfluga ljóskastara og önnur nauðsynleg öryggislæki?

III. Til heilbrigðismálaráðherra um jörðina Úlfarsá í Mosfellssveit.

Frá Finni Jónssyni.

1. Hvaða húsnæði er nothæft á Úlfarsá fyrir rekstur vistmannahælis og dvöl starfsfólks þar?
  - a. Fyrir hve marga vistmenn?
  - b. Fyrir hve marga starfsmenn?
2. Hver er aðstaða til búrekstrar á Úlfarsá?
  - a. Hvað er þar af peningshúsum?
  - b. Hver er aðstaða til ræktunar?
3. Hver er áætlaður stofnkostnaður drykkjumannahælis á Úlfarsá?

IV. Til atvinnumálaráðherra varðandi leigu á kartöflugeymslu við Elliðaár.

Frá Finni Jónssyni.

Hefur leigusamningur um kartöflugeymslu við Elliðaár verið borinn undir alla ríkisstjórnina til samþykktar, og ef svo er, hver var afstaða ráðherranna?

V. Til atvinnumálaráðherra um kaup á trésmíðaverksmiðju í Silfurtúni.

Frá Finni Jónssyni.

Hafa kaupin á trésmíðaverkstæði í Silfurtúni verið borin undir alla ríkisstjórnina, og ef svo er, hver var afstaða ráðherranna til málsins?

VI. Til ríkisstjórnarinnar varðandi ríkiseignina Skriðuklaustur.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hve mikið má telja söluverð jarðarinnar og húsanna, eftir venjulegu matsverði á opinberum eignum?
2. Hve miklar skuldir hvíla á eigninni, og hverir eru lánardrottinnar?
3. Fylgir jörðinni og í gjöfinni bústofn og þá hve mikill?
4. Ætlar ríkisstjórnin að byggja jörðina einum eða fleiri bændum eða nota hana til einhverrar opinberrar starfsemi, svo sem fyrir rithöfundabheimili?

VII. Til ríkisstjórnarinnar varðandi þjóðartekjur af útgerð árið 1947.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hve miklar voru „brúttó“ tekjur af sölu erlendis?
  - a. Fyrir fisk, veiddan á togurum?
  - b. Fyrir bátafisk?
  - c. Fyrir síld?
2. Hve miklar voru „brúttó“ tekjur af lýsissölu?
3. Hve mikið má áætla, að hafi þurft að greiða úr landi þetta ár fyrir útgerðarvörur fyrir togara, vélbáta á fiskveiðum og vélbáta á síld, svo sem olju, kol, salt, veiðarfæri og varahluti í skip og báta, þar með taldar viðgerðir erlendis?

VIII. Til ríkisstjórnarinnar um embættisbústaði dómara.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Á hvaða stöðum hefur ríkið látið byggja eða hefja byggingu bústaða handa héraðsdómurum á árunum 1945—1948 að háðum meðtöldum?
2. Hve stórir eru þessir bústaðir og hvert er kostnaðarverð þeirra hvers um sig? Einnig óskast upplýst hve miklu fé er búið að verja til einstakra bústaða, þótt byggingu þeirra sé ekki að fullu lokið.
3. Hefur ríkið keypt íbúðarhús handa héraðsdómurum á fyrrgreindu tímabili? Ef svo er, óskast upplýsingar um stærð þeirra húsa, kaupverð þeirra og hve miklu fé hefur verið varið til viðgerðar á þeim.
4. Hefur ríkið látið hefja byggingu íbúða handa hæstaréttardómurum? Ef svo er, óskast upplýsingar um stærð þeirra bústaða, áætlað kostnaðarverð og hve miklu fé hefur verið varið til þeirra bygginga.